

Fræðslu og skólanefndarfundur haldinn 18. ágúst 2010 í Laugargerðisskóla kl. 14:00

Mættir: Guðríður Pétursdóttir, Katrín Gísladóttir, Eggert Kjartansson, Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri, Sigurður Jónsson fulltrúi kennara og Brandís Margrét Hauksdóttir fulltrúi foreldra.

Kristín boðaði til fundarins sem er fyrsti fundur nýrrar nefndar.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

- Nefndin skiptir með sér verkum. Formaður Eggert Kjartansson og ritari Katrín Gísladóttir.
- Farið yfir lög og reglur og velt fyrir sér starfsviði nefndarinnar.
- Rætt um lögmæti leikskóla og samrekstur skólans og leikskólans. Vantar eitthvað uppá formlega skýrslugerð. Hvatt til að gengið verði frá lögmæti reksturs leikskólans.
- Hvatt til að gengið verði ákveðið í að klára vinnu við leikvöllinn sem allra fyrst.
- Velt upp hugmyndum um fullorðinsfræðslu t.d. íslensku fyrir útlendinga.
- Kynnt umsókn um skólavist. Áætlað að þær verði tvær, en mjög litlar upplýsingar liggja fyrir, málið verður tekið fyrir síðar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplesin og samþykkt.

Katrín Gísladóttir
Guðríður Pétursdóttir
Eggert Kjartansson
Kristín Björk Guðmundsdóttir
Sigurður Jónsson
Brandís Hauksdóttir